

Samkomulag vegna félagsmanna Framsýnar sem starfa á hvalaskoðunarbátum

Samkomulag aðila frá 9. ágúst 2013 mun einnig gilda árið 2014 með þeim breytingum á launum sem kveðið er á um í kjarasamningi aðila. Mánaðarlaun almennra starfsmanna hækka þannig um kr. 9.750 og aðrir kaupliðir til samræmis við þann samning.

Sérstök viðbótarhækkun orlofsuppbótar (kr. 10.000) og desemberuppbótar (kr. 20.000) verður ekki felld inn í mánaðarlaun samkvæmt samningnum og skal greiðast sérstaklega samkvæmt ákvæðum kjarasamnings um greiðslu orlofs- og desemberuppbótar.

Reykjavík, 21. febrúar 2014

F.h. Framsýnar stéttarfélags



F.h. Samtaka atvinnulífsins

